

# Fundargerð

Fundarstaður: Reykjavík, Suðurlandsbraut 24, Umhverfisstofnun

Fundartími: 5. júní, 2019 kl.10:00-11:00

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

## Fundarmenn:

Arnar Már Bergmann, LÍV

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Steinþór Ólafsson, LÍV

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

## Fundardagskrá:

1. Farið yfir áherslur fundarins og hvaða afurð leitað er eftir í lok fundar.
2. Kynning á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um friðland að Fjallabaki.
3. LÍV kynnir sín störf og farið yfir þeirra starfsemi innan friðlandsins.
4. Farið yfir drög af korti með vegum.
5. Farið yfir sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum.

1. Umhverfisstofnun vill fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum sem eru að nýta friðlandið. Hvað þarf að bæta, einhverjar sérstakar reglur sem þeir telja að þurfi að setja, umferðarreglur og annað sem þarf að gera til að bæta umferð og umgengni.
2. Þórdís kynnir hvað stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér svo allir fundarmenn séu meðvitaðir um þá vinnu.
3. Arnar Már: formaður LÍV kynnir þeirra starf. LÍV eru regnhlífasamtök þriggja félaga. Í heildina eru það 768 félagsmenn sem deilast á þessi þrjú félög. Öll félögin eiga 2 fulltrúa í stjórn LÍV og einn oddaaðili sem er forseti sem kemur frá einhverju af þessum þremur félögum. LÍV var stofnað fyrir 35 árum síðan, kjarni starfsins er ferðamennska á fjöllum að vetri. Félagið ásamt félögum í 4x4 hafa orðið varir við breytingar á ferðamennsku til fjalla undanfarin ár og þann ágang frá ferðabjónustunni og einstaklingum á eigin vegum sem ferðast um landið. Hann lítur svo á að þeirra félagsskapur sé fyrst og fremst náttúruunnendur, ferðamáti til að njóta náttúrunnar að vetri.

Helsta starfsemi yfir árið er fræðsla og forvarnir – öryggisatriði og eins að kenna á GPS tæki, skyndihjálp, snjóflóð og svo fer líka vinna í að uppfræða nýja aðila um hvernig ber að umgangast landið að vetri. Á hverju ári ný kynslóð. Þeir telja að félagar séu meðvitaðir um að þetta eru viðkvæm svæði. Fundarmenn telja að þeim gangi vel að ná til yngri kynslóða, í vetur voru 60

nýskráningar. Félagsmenn að snjórinn ver landið og eins tækin. Samkvæmt þeim þá er ekki hægt að fara inn á svæði þegar snjólag er blautt og þunnt. Það komu fulltrúar frá þeim á samráðsfundinn sem var haldinn á Hellu í nóvember 2018.

Hákon útskýrir flokkana sem viðkvæmu svæðin eru greind í samkvæmt kortum. Á viðkvæmasta svæðinu, strangari stýring á vélknúinni umferð en annarsstaðar í friðlandinu (háhitastæði).

Fundarmenn ræða hvaða leiðir vélsleðamenn eru aðallega að nota.

Að vetri eru það farleiðir um Torfajökulsöskjuna – það er eitthvað um að farið sé inn í Hrafninnsker í skálann þar, en mun algegnara að gista í jaðri svæðisins, Landmannalaugum, Landmannahelli og Dalakofa, eins í Álftavatni og Hvangili, en í töluvert minna mæli. eru aðallega í jaðrinum á þessu viðkvæmasta svæði.

Þessar vetrarleiðir eru vel hugar snjó á þessum svæðum þar sem eru hverasvæði þar hafa þeir ekki möguleika að keyra um en vilja komast að til að skoða.

Þeirra viðkoma er fyrst og fremst farleiðir – eru með þær trakkaðar – menn að horfa til ferðaöryggis, leiðirnar eru byggðar upp þannig að lítið er um hættur, eltast við þær leiðir sem eru öruggar hvernig sem skyggni er. eru með aðra leið til viðmiðunar, velja leiðir með tilliti til snjós og öryggis. Það má segja að í hvert sinn sem vélsleðamenn fara til fjalla þá skoða þeir ferðir í vikunni á undar sem stýrir hvert þeir fara. Þeir passa sig mikið að vera ekki á gönguleið – vilja ekki fara í stikaðar gönguleiðir, getur skemmt tækin að fá stiku upp í vélsleðana.

Eitt sem þeir velta fyrir sér vegna boð og bönn, er hægt einhvern veginn að ná sama árangri með fræðslu og nálgast ferðamanninn á öðrum forsendum.

Ákveðnir tímar á árinu sem eru viðkvæmari en aðrir – Spurning er að gera uppbyggða vegi svo sleðamenn komist í snjólínu.

Rauðaskál – hafa verið í samstarfi við Safe Travel – check point fyrir fjallaskíðamenn – íla check skilti – móttaka fyrir snjóflóðaáilu – í samstarfi við Landsbjörgu, er framkvæmdaraðilinn. Í Rauðaskál sjá þeir fyrir sér að með því að koma upp bílaplani eða betri aðkomuleið, til þess að opna inn á svæðið á öruggan máta, einfaldlega vegna þess að það eru jaðarsvæðin fyrir utan sem eru aðkomuleiðirnar – þó þeir séu komnir út fyrir friðlandið þá þarf að laga þetta svo menn séu ekki að keyra út fyrir veginn. Mikilvægt að koma ferðamanninum upp í snjólínu –

Aðgerð: merkja og forma betur bílastæðin.

Sjá fundarmenn fyrir sér einhver svæði þar sem er engin vélknúin umferð? Já fundarmenn sammála því eins og Hornstrandir, finnst eðlilegt að það séu svæði þar sem vélknúin umferð á ekki heima.

Fundarmenn frá LÍV hafa áhyggjur af stærð svæðisins sem verður takmörkuð umferð. Hákon svarar að það sé fyrst og fremst háhitastæðin.

Eru einhverjir árekstrar milli mismunandi hópa? Arnar segir nei. Einu svæðin þar sem verði vart við annað fólk er inni í Landmannalaugum, bæði landslagið og snjóalög hamla för ganga að því marki að það verða ekki árekstrar, sjá oft ekki nokkurn mann á 250 km leið.

Erfitt að segja hvenær er vor og haust, það getur byrjað að snjóa í september, en það eru viðkvæmir jaðrar, það þarf líka að gæta þess í takmörkunum á umferð að einskorða sig ekki við dagsetningar.

Inni í Landmannahelli mikil traffík vélsleðamanna, eitthvað að gista í Laugum, eingöngu um helgar.

Ein skýr afstaða hjá vélsleðamönnum sem nýta svæðið að það sé ekki verið að gera hundakúnstir innan friðlandsins, of mikil hætta sem getur skapast.

Hákon: þegar áætlunin er komin út, þá verður haldin kynning á þessu. Fundarmenn myndu vilja fá góðan fund og kynningu hjá þessum útivistarhópum og koma sjónarmiðunum á framfæri og kalla eftir samtalinu.

Á Akureyri er verið að tala um umferðina í Hlíðarfjalli – það virkar að menn eru ekki á vélsleðum í kringum páskana þegar fólk er þarna en svo er leyft snemma og seint á vorin.

Á Snæfellsjökli eru hugmyndir að skipta upp, ákveðnir vélsleða- og ákveðnir göngudagar.

Umhverfisstofnun myndi vilja fá helstu vetrarleiðir – fundarmenn LÍV munu senda það.

4. Fundarmenn segja virða það að einhver svæði verði lokað fyrir vélsleðaumferð – það er hægt að koma inn a kortin í gps tækjunum glærum þar sem þú sérð rautt svæði – það væri mjög góð leið til þess að nálgast þennan hóp. Mikilvægt að það séu möguleikar á farleiðum – að sjá þessa náttúrufegurð á veturna.

Jeppar eiga ekki möguleika á að ferðast um Torfajökulsöskjuna – eina aðkoma bíla er um vegslóðann upp í Harfntinnusker. Landslagið á þessu viðkvæmasta svæði er ekki þannig til fallið að bílar komist þangað.